

## OFANFLÓÐAVARNIR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis vegna breytinga á ásýnd hlíðarinnar ofan þéttbýlisins með tilkomu varnargarðanna. Þá telur stofnunin að nokkur neikvæð áhrif geti orðið vegna ónæðis af völdum framkvæmdanna. Á framkvæmdatíma verður óhjákvæmilega talsvert rask á nokkuð stóru svæði en mikilvægt er að vandað verði við frágang og landmótun að framkvæmdum loknum eins og lögð er áhersla á í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, til þess að mannvirkin falli sem best að umhverfi.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð ofanflóðavarna ofan þéttbýlis á Fáskrúðsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2012.

5. september 2012

## INNGANGUR

Þann 20. júlí 2012 tilkynnti Fjarðabyggð um gerð ofanflóðavarna ofan byggðarinnar á Fáskrúðsfirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 k í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 31. ágúst 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. ágúst 2012, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvubréfi dags. 3. september 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. ágúst 2012 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 27. ágúst 2012.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér byggingu ofanflóðavarna, efnisnám og flutning jarðefna auk slóðagerðar að framkvæmdasvæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett í hlíðinni ofan grunnskóla og Skólabrekku. Stærð svæðisins er um um 4 ha og er í 40-115 m hæð yfir sjávarmáli. Framkvæmdatími er fyrirhugaður 2012 og 2013 og unnið verður að uppgræðslu á árunum 2013-2016.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðist sé í fyrirhugaðar framkvæmdir til þess að tryggja íbúum betra öryggi gagnvart hugsanlegum krapaflóðum. Krapaflóð og blaut snjóflóð geti fallið bæði úr hlíðinni ofan byggðar og eftir litlum lækjarfarvegum en stærstu farvegir krapaflóða séu eftir Nýjabæjarlæk og Skjólámsá. Flóðin tengist vetrarhláku og rigningum en ekki virðist þurfa aftakaúrkomu til að koma krapaflóðum af stað. Fram kemur að Nýjabæjarlækursé yfir 5 m djúpur og 10 – 20 m breiður og sé talið að stærð krapaflóða úr farveginum geti numið mörg þúsund rúmmetrum. Flóðin flæmist um austan við farveg Nýjabæjarlækjar eða jafnvel yfir í næsta farveg vestan lækjarins. Upptök stærstu krapaflóða úr læknum séu í meira en 100 m h.y.s. ofan við dýpsta hluta farvegarins. Fram kemur að við hönnun varnanna sé miðað við þær öryggiskröfur sem settar séu fram í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða en þar komi m.a. fram að við hönnun varnarvirkja skuli leitast við að auka öryggi þannig að eftir byggingu þeirra sé staðaráhætta fólks neðan þeirra aldrei meiri en 1 af 10.000 á ári. Staðaráhætta sé skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið sé öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Hönnun ofanflóðavarna á Fáskrúðsfirði geri ráð fyrir að reist verði grjótstífla, leiðigarður og þvergarður ofan húsa á svokölluðu hættusvæði C en á því svæði sé staðaráhætta meiri en 3 af 10.000 á ári. Við Nýjabæjarlæk séu fimm íbúðarhús á hættusvæði C, en þau eru við Skólabrekku 1, 3, 5, 7 og 9. Þar fyrir neðan séu um 20 íbúðarhús á hættusvæðum A eða B. Fram kemur að eftir uppbyggingu ofanflóðavarna verði engin hús innan hættusvæða B og C.

Fram kemur að reist verði um 6 m há, 20 m löng og 900 m<sup>3</sup> brött grjótstífla í gilsmynni í Nýjabæjarlæk í um 110 m hæð y.s. og taki hæð stíflunnar mið af bökkum núverandi farvegar. Stíflan hleypi vatni greiðlega í gegn en haldi aftur af snjó. Neðan gils taki við um 200 m langur og 3 – 7 m hár leiðigarður úr jarðvegi á austurbakka lækjarins með halla 1:1,5 flóðmegin og 1:2 hlémegin sem muni beina krapaflóði og vatni lækjarins inn að 7 m háum, bröttum þvergarði úr grjóti og jarðvegi, vestan lækjarins í um 50 m hæð y.s. Þar mun krapa safnast fyrir og stöðvast. Fram kemur að heildarefnisþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda sé um 9000 m<sup>3</sup> þar af fari um 5500 m<sup>3</sup> í leiðigarð og um 1500 m<sup>3</sup> í þvergarð. Gert sé ráð fyrir að allt efni fáiast úr skeringum innan framkvæmdasvæðisins að undanskyldum um 50 m<sup>3</sup> af stórgrýti sem sótt verði í námu utan bæjarmarka. Gert sé ráð fyrir um 450 m löngum og 3 m

breiðum aðkomuvegi vestan garðs, eftir núverandi línuvegi, upp að þvergarði og tæplega 300 m löngum þjónustuvegi eftir botni skeringarrásar upp að grjótstíflu.

Fram kemur að við frágang sé gert ráð fyrir uppgræðslu á um 2,5 ha lands og verði efsti hluti jarðvegslags á núverandi gróðursvæðum haldið til haga og nýttur við yfirborðsfrágang á svæðinu. Ráðist verði í uppgræðslu eins fljótt og hægt sé að framkvæmdum loknum til að hindra jarðvegsrof og moldrok. Að öðru leyti muni landmótun, frágangur og skipulag svæðisins taka mið af því að svæðið nýtist til útivistar, m.a. með gerð göngustíga.

### Umhverfisáhrif

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði samanstandi að mestu af lausum jarðefnum og skriðum. Slíkar jarðmyndanir njóti ekki sérstakrar verndar en áhrif vegna rasks verði nokkuð neikvæð og óafturkræf en staðbundin. Gróður á framkvæmdasvæðinu sé ekki talinn sérstæður og með gróðursetningu blómjurta og trjáplantna verði leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Fram kemur að gera megi ráð fyrir auknum hávaða í byggð vegna vinnuvéla við jarðvegs- og efnisflutninga að og frá framkvæmdasvæðinu og verði því nokkurt ónæði fyrir íbúa á framkvæmdatíma. Áhrif á ásýnd lands verði neikvæð og varanleg þar sem svæðið mun taka nokkrum breytingum með tilkomu varnarkirkja. Með landmótun og skipulagi svæðis milli byggðar og varnargarðs muni verða dregið eins og kostur er úr neikvæðum sjónrænum áhrifum hans.

### ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Í umsögnum Fjarðabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands eru ekki gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir og það álit kemur fram að þær skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

### NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu ofanflóðavarna, efnisnám og slóðagerð ofan byggðarinnar á Fáskrúðsfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 k í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að skv. niðurstöðum hættumats er hætta á krapaflóðum eða blautum snjóflóðum úr hlíðinni ofan byggðar á Fáskrúðsfirði og því nauðsynlegt að ráðast í gerð ofanflóðavarna á ofangreindu svæði. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis vegna breytinga á ásýnd hlíðarinnar ofan þéttbýlisins með tilkomu varnargarðanna. Á framkvæmdatíma verður óhjákvæmilega talsvert rask á nokkuð stóru svæði en mikilvægt er að vandað verði til frágangs og landmótunar að framkvæmdum loknum eins og lögð er áhersla á í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, til þess að mannvirkin falli sem best að umhverfi. Skipulagsstofnun telur að nokkur neikvæð áhrif geti orðið vegna ónæðis af völdum framkvæmda og telur stofnunin mikilvægt að framkvæmdaáform verði kynnt fyrir íbúum, einkum í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Stofnunin telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður verði ekki veruleg þar sem framkvæmdasvæðið einkennist af algengu gróðurlendi og ekki hafa sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista fundist á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að

gerð ofanflóðavarna ofan þéttbýlis á Fáskrúðsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2012.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson



Skipulags  
stofnun